

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**646. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 3. maí 2010 kl.
10:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Framkvæmdir við íþróttavöll.
3. Umhverfisstjóri mætir til fundar.
4. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
5. Uppsögn leiguíbúðar fyrir aldraða.
6. Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um helstu framkvæmdir og viðhaldsverkefni s.s. endurbyggingu brúar, tengingar á þjónustusvæði í Kirkjuhvammi, framkvæmdir við heitan pott við sundlaug, fjargæslu o.fl.
2. Forstöðumaður tæknideildar kynnti kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við íþróttavöll í Kirkjuhvammi að upphæð kr. 14.271.600. Byggðarráð samþykkir að skuldbinda sveitarfélagið vegna þessara framkvæmda fáist fullur styrkur frá mannvirkjasóði K.S.Í. Lögð fram eftirfarandi samstarfsyfirlýsing Húnaþings vestra og Umf. Kormáks „Markmið er að byggja upp knattspyrnuvöll í Kirkjuhvammi. Núverandi malarvöllur verður lagður grasþökum og vökvunarkerfi komið á. Aðilar eru sammála um að leggja sitt af mörkum svo að það markmið náist. Það verður gert með vinnuframlagi og fjármögnun í samstarfi við mannvirkjasjóð KSÍ. Tengiliðir aðila verða, Húnaþing vestra, (tæknideild/íþróttá-og tómstundafulltrúi) Umf. Kormákur (knattspyrnuvallarnefnd)“ Byggðarráð samþykkir ofangreinda samstarfsyfirlýsingu og felur skrifstofustjóra að undirrita hana f.h. sveitarfélagsins. Viðbótarkostnaði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
3. Umhverfisstjóri mætir til fundar við byggðarráð. Farið yfir stöðu umsókna um sumarvinnu. Byggðarráð samþykkir að heimila umhverfisstjóra ráðningu þeirra aðila sem sótt hafa um sumarvinnu skv. framlögðum lista. Farið yfir framkvæmd við sorphirðu við sumarbústaðasvæði, uppsetningu steinakarla og skilta, hirðingu garðaúrgangs o.fl.
4. Lagt fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags. 21.04.2010 þar sem tilkynnt er endanlegt framlag vegna nýbúafræðslu árið 2010 kr. 2.090.000.
5. Lögð fram uppsögn leiguíbúðar í Nestúni frá d/b Björns Tryggva Jóhannssonar.
6. Lagt fram bréf Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 28.04.2010, þar sem kynnt er kostnaðaráætlun við hauggasmælingar á urðunarstað á Syðri-Kárastöðum með vísan í bréf Sambandsins dags. 22. mars s.l.
7. Byggðarráð samþykkir að næstu tveir fundir byggðarráðs hefjist kl 12:00.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:45

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.)
Áheyrnarfulltrúi. Oddur Sigurðarson(sign.).

Elín R. Líndal(sign.),
Guðrún Ragnarsdóttir(sign.).